



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um upplýsingar um þá sem bíða eftir húsnæði fyrir fatlað fólk – R20020060

Þann 6. febrúar 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn um upplýsingar um þá sem bíða eftir húsnæði fyrir fatlað fólk:

Flokkur fólksins er með fyrirspurnir um stöðu þeirra sem bíða eftir húsnæði fyrir fatlað fólk en þeir eru alls núna 144. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um þá sem bíða eftir sérstöku húsnæði í flokki I til IV. Hver er aldur þeirra sem bíða?

Hvað hafa aðilar lengi beðið lengi eftir húsnæði? Hvað búa þessir einstaklingar núna? Hverjar eru aðstæður þeirra, fjárhagslega og félagslega?

Svar:

Þann 1. febrúar 2020 biðu 142 einstaklingar eftir húsnæði fyrir fatlað fólk

27 einstaklingar eru á bið eftir húsnæði í þjónustuflokki I
35 einstaklingar eru á bið eftir húsnæði í þjónustuflokki II
38 einstaklingar eru á bið eftir húsnæði í þjónustuflokki III
3 einstaklingar bíða eftir húsnæði í þjónustuflokki IV
8 einstaklingar bíða eftir húsnæði með þjónustu frá Liðsauka¹
31 einstaklingur bíður eftir húsnæði með stuðningi²

Aldur þeirra 142 einstaklinga sem eru að bíða eftir húsnæði fyrir fatlað fólk

4 einstaklingar eru á aldrinum 18 – 19 ára
56 einstaklingar eru á aldrinum 20 – 24 ára
31 einstaklingur er á aldrinum 25 – 29 ára
28 einstaklingar eru á aldrinum 30 – 39 ára

¹ Færanlegt þjónustuteymi sem veitir einstaklingum með flóknar stuðningsþarfir sólarhringsþjónustu

² Dreifðar íbúðir fyrir fatlað fólk í þjónustuflokki I, stuðningur er tryggður

12 einstaklingar eru á aldrinum 40 – 49 ára
11 einstaklingar eru 50 ára og eldri

Hversu lengi hafa þessir 142 einstaklingar beðið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk

13 einstaklingar hafa beðið innan við ár
37 einstaklingar hafa beðið í 1 – 2 ár
25 einstaklingar hafa beðið í 2 – 3 ár
16 einstaklingar hafa beðið í 3 – 4 ár
8 einstaklingar hafa beðið í 4 – 5 ár
43 einstaklingar hafa beðið umfram 5 ár

Einstaklingar á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk búa langflestir í foreldrahúsum, nokkrir búa í félagslegu leiguhúsnæði, nokkrir í húsnæði á vegum Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins og einnig eru nokkrir einstaklingar í langtímalegu á sjúkrahúsi.

Fjárhagslegar og félagslegar aðstæður einstaklinga á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk

Þeir 142 einstaklingar sem nú bíða eftir húsnæði fyrir fatlað fólk eiga það sammerkt að vera öryrkjar með greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Félagslegar aðstæður þessara einstaklinga er með ýmsu móti, sumir búa hjá foreldrum og njóta mis mikils stuðnings, aðrir eru í leiguhúsnæði á almennum eða félagslegum markaði. Allir eiga það sammerkt að þurfa varanlegt húsnæði og stuðning við athafnir daglegs lífs.


Regína Ásvaldsdóttir
Sviðsstjóri

Fylgiskjal: